

Föstudaginn 11. desember 1987.

Nr. 83/1986.

**Jón Sæmundsson**  
**Guðrún Jónsdóttir**  
**Guðmundur Þórisson**  
**Sigurður Þórisson**  
**Sverrir Guðmundsson**  
**Jón Laxdal**  
**Sigurður Helgason**  
**Sævar Magnússon og**  
**Sveinn Sigurbjörnsson**

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

gegn

**Hreppsnefnd Hálsahrepps og**

(Hákon Árnason hrl.)

**kirkjumálaráðherra f.h.**

**kirkjumálaráðuneytis**

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Hefð. Upprekstrarréttur. Afréttir. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. mars 1986. Dómkröfur þeirra eru þessar:

*Aðalkrafa:* Að viðurkennt verði að jörðunum Fagrabæ, Hléskógum, Lómatjörn, Syðri-Grund, Ártúni og Nesi í Grýtubakkahreppi, hverri fyrir sig, fylgi upprekstrarréttur á Flateyjardalsheiði vestan Dalsár.

*Varakrafa:* Að „ef ekki verður viðurkenndur upprekstrarréttur allra áfrýjenda eða að réttur þeirra nái ekki til allra landa stefndu, að sérstaklega verði dæmt um rétt hverrar jarðar að þessu leyti.”

Í báðum tilvikum krefjast áfrýjendur málskostnaðar óskipt úr hendi stefndu, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda hreppsnefnd Hálsahrepps krefst staðfestingar hins áfrýj-

aða dóms og að áfrýjendur verði dæmdir til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi kirkjumálaráðherra f.h. kirkjumálaráðuneytisins krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi áfrýjenda.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur komið í leitirnar fjallskilabók Lokastaðafjallskiladeildar árin 1940-1949. Hefur verið lagður fyrir Hæstarétt útdráttur úr henni um greiðslur í fjallskilasjóð og um gangnaskil á Flateyjardalsheiði frá býlum áfrýjenda. Samkvæmt útdrættinum voru öll árin gerð gangnaskil á Vesturheiði frá Grund, Syðri-Grund, Nesi og Lómatjörn og auk þess á Austurheiði frá Grund og Syðri-Grund 1945 og frá Nesi 1940, 1942, 1945, 1946 og 1948. Frá Fagrabæ voru gerð gangnaskil á Vesturheiði öll umrædd ár að árinu 1943 frátöldu en þá voru gerð gangnaskil á Austurheiði sem og árið 1946. Frá Ártúni var Vesturheiði gengin öll árin nema árið 1942 en þá var aðeins greitt í fjallskilasjóð. Loks voru gangnaskil gerð á Vesturheiði frá Hléskógum 1941-1943 og 1946-1949 en greitt í fjallskilasjóð 1940 og 1945 og e.t.v. einnig 1944.

Þá hefur verið lagður fyrir Hæstarétt úrskurður ítölunefndar skipaðrar fyrir Hálshrepp 7. mars 1978, dagsettur 15. maí 1986. Er þar meðal annars úrskurðað að í afréttarlöndum sveitarinnar á Flateyjardalsheiði megi mest ganga í 90 daga á ári 2500 ærgildi. Er þá ærgildi metið sem ær með 1,4 lömb að meðaltali. Ennfremur hafa verið lögð fyrir Hæstarétt gögn sem af verður séð að komið hafi fram á Lokastaðarétt í fyrstu göngum 1986 alls 5600 fjár, þar af 1925 úr Höfðahverfi.

Ekki verður séð af skrá þeirri um afrétti og fjallskil í Þingeyjar-sýslu 1959, sem getið er í héraðsdómi og tekin er saman af sýslumanni eftir skýrslum oddvita hreppanna, að oddviti Grýtubakka-hrepps hafi talið Flateyjardalsheiði til afréttarlanda hreppsins. Hefur sýslumaður sjálfur getið þess með athugasemd að nokkur hluti hreppsins notaði afrétt á Vesturheiðinni.

Af því sem fram er komið í málinu þykir verða að ætla að eigendum og ábúendum jarða þeirra sem áfrýjendur eiga, eða hafa fengið jörðum sínum skipt úr, hafi verið ljóst, er þeir hófu upp-rekstur á Flateyjardalsheiði snemma á þessari öld, svo sem nánar er greint í hinum áfrýjaða dómi, að hinar einstöku nafngreindu

landsspildur á Vesturheiðinni voru í eignarráðum annarra aðilja. Höfðu og verið byggð býli norðan til á heiðinni sem eigi höfðu lagst í eyði fyrr en seint á 19. öld, svo sem Eyvindará og Ófeigsá, eða jafnvel ekki fyrr en eftir aldamót, svo sem Heiðarhús. Umræddar aðstæður verður einnig að telja hafa verið kunnar öðrum þeim er síðar hafa rekið fé til afréttar á heiðinni frá jörðum áfrýjenda, þar á meðal þeim sjálfum. Uppreksturinn var lengi látinn viðgangast átölulaust af landeigendum og til hans virðist jafnvel hafa verið hvatt af fjallskilastjóra Hálsahrepps vegna erfiðra fjallskila á heiðinni. Verður að líta svo á að umrædd vitneskja áfrýjenda og forvera þeirra standi því í vegi að áfrýjendur hafi mátt vinna hefð á rétti til upprekstrar á heiðinni, sbr. 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

#### S é r a t k v æ ð i

#### **hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar og Guðmundar Skaftasonar.**

Áfrýjendur byggja rétt sinn til upprekstrar á Flateyjarðalsheiði vestan Dalsár einkum á skýrslum og gögnum um göngur og fjallskil svo sem rakið er í héraðsdómi. Við athugun á gögnum þessum kemur í ljós að þau eru nokkuð slitrótt sem heimildir um upprekstrarárin auk þess sem ekki er sjálfgefið að saman fari ár hvert upprekstur og fjallskil. Fram hefur komið að af og til hafi verið rekið frá Grund norður á Flateyjarðal eftir að hann fór í eyði. Þá er þess að gæta að ábúendur Fagrabæjar höfðu Heiðarhús á leigu árin 1950 til 1985. Af framangreindum gögnum má sjá að frá Nesi var æði oft rekið á Austurheiðina á þessu tímabili. Upplýsingar um Lómatjörn samkvæmt gögnum þessum eru með allnokkrum eyðum. Sama er að segja um jarðirnar Ártún, Syðri-Grund og Hléskóga. Þegar þetta allt er virt þykir okkur skorta á að fram sé komin

sönnun fyrir nægilega samfelldum afnotum jarðanna af Vesturheiði í 40 ár, sbr. 8. gr. laga nr. 46/1905 um hefð. Teljum við að af þessum sökum beri að sýkna stefndu af kröfum áfrýjenda. Erum við því samþykkir dómsorði meirihluta dómara.

### **Dómur aukadómpings Suður-Þingeyjarsýslu 7. febrúar 1986.**

Mál þetta sem dómtekið var 17. janúar sl. var höfðað með þingfestingu þess 26. júní 1985.

Stefnendur eru: Jón Sæmundsson, nnr. 5192-6579, og Guðrún Jónsdóttir, bæði til heimilis í Fagrabæ, Guðmundur Þórisson, nnr. 3119-3060, og Sigurður Þórisson, báðir til heimilis í Hléskógum, Sverrir Guðmundsson, nnr. 8782-9677, Lómatjörn, Jón Laxdal, nnr. 5164-4301, Nesi, Sigurður Helgason, nnr. 7867-8321, Grund, Sævar Magnússon, nnr. 8841-2087, Syðri-Grund, og Sveinn Sigurbjörnsson, nnr. 8760-8433, Ártúni. Stefnendur eru eigendur þeirra jarða þar sem þeir búa, en þær eru allar í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

Stefndu eru: Hreppsnefnd Hálshrepps, Suður-Þingeyjarsýslu, f.h. hreppsins, nnr. 3694-2843, og Jón Helgason dóms- og kirkjumálaráðherra, nnr. 5142-9729, f.h. kirkjumálaráðuneytisins. Þá var Erlingi Arnórssyni, nnr. 2195-9995, Þverá í Hálshreppi, stefnt, en í þinghaldi 17. janúar sl. féllu stefnendur frá kröfum á hendur honum. Af hálfu Erlings var gerð krafa um að stefnendur greiddu honum málskostnað og var sú krafa tekin til úrskurðar að kröfu lögmanns stefnenda.

*Dómkröfur stefnenda* eru þær aðallega að viðurkennt verði með dómi að jörðunum Fagrabæ, Hléskógum, Lómatjörn, Grund, Syðri-Grund, Ártúni og Nesi í Grýtubakkahreppi, hverri fyrir sig, fylgi upprekstrarréttur á Flateyjardalsheiði vestan Dalsár. Ennfremur krefjast stefnendur málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum.

Til vara krefjast stefnendur þess, ef ekki verði viðurkenndur upprekstraréttur allra stefnenda eða að réttur þeirra nái ekki til allra landa stefndu, að sérstaklega verði dæmt um rétt hveftrar jarðar að þessu leyti. Þá krefjast stefnendur ennfremur málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum.

*Dómkröfur stefnda hreppsnefndar Hálshrepps* eru þær að kröfum stefnenda verði synjað og þeir dæmdir til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

*Dómkröfur stefnda dóms- og kirkjumálaráðherra* eru þær að öllum kröfum stefnenda verði hrundið og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnenda in solidum að mati dómsins.

Sættir hafa verið reyndar í máli þessu en ekki tekist.

Friðgeir Björnsson borgardómari var skipaður setudómari í málinu 23. ágúst 1985, en sýslumaður í Suður-Þíngeyjarsýslu vék sæti.

I. Flateyjardalsheiði í Hálshreppi í Suður-Þíngeyjarsýslu gengur upp af Fnjóskadal til norðurs og skiptist í Vestur-Flateyjardalsheiði og Austur-Flateyjardalsheiði, eða Vesturheiði og Austurheiði. Áður var heiðin í byggð, en er nú öll í eyði. Land það sem kröfur stefnenda ná til afmarkast að sunnan af Innra-Höfðagili, sem er á milli jarðarinnar Vestari Króka og svokallaðs Höfðagiljalands, eðs Höfðagiljastykkis, að austan af Dalsá að mestu leyti, að norðan af Eyvindará, en að vestan ráða hreppamörk Háls-hrepps og Grýtubakkahrepps. Þetta land mun vera kallað Vesturheiði í daglegu tali. Lengd landsins, þ.e. frá suðri til norðurs, er um það bil 16 km mælt á landakorti því sem lagt hefur verið fram í málinu. Breidd landsins er óvísari, en vesturmörkin eru að mestu á fjöllum uppi.

Land þetta skiptist í 4 hluta með skýrum og óumdeildum merkjum. Sunnan frá er Höfðagiljastykkið fyrst, talið eign Laufáskirkju, þá Almenn-ingur, eign Hálsahrepps, næst jörðin Heiðarhús og síðast jörðin Eyvindará, og er þá komið nyrst á heiðina. Jarðirnar Heiðarhús og Eyvindará eru báðar eign Hálsahrepps, sem keypti þær af ríkissjóði 22. maí 1978.

Byggð býli hafa ekki verið í Höfðagiljastykki eða Almenni svo vitað sé. Eyvindará var í byggð til ársins 1872 en Heiðarhús til ársins 1904. Í landi Heiðarhúsa var býlið Ófeigsá sem fór í eyði árið 1863. Tvö býli voru á Austurheiðinni, Grímsland sem fór í eyði 1904 og Kambsmýrar sem fóru í eyði 1929.

Norðan Flateyjardalsheiðar tekur Flateyjardalur við og nær allt til sjávar á móts við Flatey á Skjálfanda. Flateyjardalur og Flatey voru einn hreppur, Flateyjarhreppur, en byggð lagðist þar af árið 1954. Flateyjarhreppur var sameinaður Hálshreppi árið 1968.

Flateyjardalur og Flateyjardalsheiði hafa ekki verið gerð að afréttum skv. 5. gr. laga nr. 42/1969 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl.

Það mun hafa tíðkast meðan Flateyjardalsheiði var í byggð, og jafnvel lengur, að ábúendur og landeigendur þar leyfðu upprekstur á lönd sín gegn gjaldi og aðstoð við göngur, en löndin voru gengin hvert fyrir sig, stundum ekki samdægurs. Eftir miðja síðustu öld mun göngunum að mestu hafa verið breytt í það horf sem nú er, að heiðin öll er gengin samtímis í samfelldum göngum. Gangnaforingjar eru tveir, annar á Austurheiðinni en hinn á Vesturheiðinni. Augljóst má telja að göngur á þessu svæði geta verið hinir erfiðustu.

Í málinu hafa verið lögð fram endurrit úr fjallskilabók Hálsahrepps fyrir árin 1900-1907. Einnig hefur verið lögð fram í ljósríti fjallskilabók fyrir nyrðri hluta Hálsahrepps, Flateyjardalsheiði og þar að liggjandi afréttum. Bókin byrjar árið 1912, og síðustu fjallskil sem gerð er grein fyrir þar eru

árið 1939. Bókin er nær öll rituð af Páli G. Jónssyni, Garði í Fnjóskadal, sem var fjallskilastjóri á þessum tíma og lengur. Bókin er löggilt af Steingrími Jónssyni sýslumanni 21. maí 1913. Þá hafa verið lagðar fram upplýsingar um fjallskil á Flateyjardalsheiði og Skarðsdal á árunum 1948 til 1976, þó ekki öll árin.

Bændur á Svalbarðsströnd munu hafa rekið fé sitt á Flateyjardalsheiði og gert þar fjallskil. Ekki liggja fyrir upplýsingar um það hvenær upprekstur þessi hófst, en í fjallskilabók er ritað árið 1927 að Svalbarðsströndungar hafi ekki rekið fé sitt til afréttar nú síðustu ár. Upp úr 1930 eru fjallskil úr Svalbarðsstrandarhreppi nær úr sögunni. Svalbarðsströndungar stofnuðu eigin fjallskiladeild, Vaðlafjallskiladeild.

Um ástæður þess að bændur í sunnanverðum Grýtubakkahreppi tóku að reka fé sitt á Flateyjardalsheiði liggja ekki fyrir glöggar upplýsingar. Helst er talið að Páll G. Jónsson í Garði hafi átt frumkvæði þess að svo varð, og þá helst af þeim ástæðum að erfiðlega hafi gengið að fá nægan mannafla í göngur úr Hálshreppi eftir að Svalbarðsströndungar hættu að reka, en um þetta er ekki að finna skriflegar samtímaheimildir.

Sigurbjörn Benediktsson, fyrrum bóndi í Ártúni, segir í skrifum sínum um Flateyjardalsheiði sem lögð hafa verið fram í málinu að Páll í Garði hafi orðið einlægur hvatamaður þess að Suður-Höfðhverfingar ykju afnot sín af heiðinni og legðu sinn skerf til fjallskila þar því að hann hafi séð að í óefni var komið með hreinsun heiðarinnar eftir að Ströndungar heltust úr lestinni.

Um upphaf þess tíma að bændur úr Grýtubakkahreppi taka að reka fé sitt á Vesturheiðina er að finna upplýsingar í fjallskilabókum þeim sem að framan eru greindar. Þess ber þó að geta að sumir þeirra kunna að hafa byrjað að reka fyrir aldamót. Samkvæmt upplýsingum úr fjallskilabók 1900-1907 þá eru fjallskil lögð á ábúendur Fagrabæjar, Lómatjarnar og Grundar árið 1902, Grundar árið 1904 og Fagrabæjar árið 1905. Í fjallskilabókinni frá 1912-1939 er að finna glöggar upplýsingar um árleg fjallskil sem hverjum ábúanda eru gerð. Þar kemur fram að ábúendum Fagrabæjar eru gerð fjallskil óslitið frá 1912 til 1929, og síðar 1938 og 1939. Ábúanda Hléskóga eru fyrst gerð fjallskil árið 1925, á þessum árum, síðan árið 1929 og óslitið til 1939. Ábúanda Lómatjarnar eru gerð fjallskil fyrst árið 1917 og óslitið til 1939. Ábúanda Ness fyrst árið 1922 og óslitið til 1939. Ábúanda Grundar fyrst árið 1912 og 1913 og óslitið frá 1917 til 1939. Ábúanda Syðri-Grundar árin 1938 og 1939 og ábúanda Ártúns óslitið frá árinu 1931 til ársins 1939.

Um fjallskil eftir 1939 eru upplýsingar í málinu um árin 1948, 1949, 1955, 1956, 1957, 1958, 1959, 1960, 1963, 1964, 1965, 1966, 1970, 1973 og 1976. Þessi ár öll eru lögð fjallskil á ábúendur jarðanna sjö.

Yfirleitt er tekið fram hvar gangnamenn frá hverjum bæ eigi að ganga. Langoftast er gangnamönnum frá jörðunum sjö skipað niður í göngur á Vesturheiði og Skarðsdal, stöku sinnum á Austurheiði, einkum frá Nesi. Í framburði þeirra ábúenda og fyrrverandi ábúenda jarðanna sjö kom fram að mismunandi hafi verið hvert rekið var frá hverjum bæ í hvert sinn. Allir ábúendur, þar með talinn ábúandi Fagrabæjar, sögðu að skemmst hefði verið rekið norður fyrir Innra-Höfðagil, en eftir aðstæðum hefði farið, svo sem veðri, færð o.fl., hversu langt hefði verið rekið á Vesturheiðina. Stöku sinnum hefði komið fyrir að rekið hefði verið norður á Flateyjardal. Tryggvi Stefánsson á Hallgilsstöðum í Fnjóskadal kvað allfesta bændur í Höfðahverfi, þá sem um ræðir, hafa rekið norður á Flateyjardal, meira og minna. Fnjóskdælingarnir, Erlingur Arnórsson á Þverá og Ingvar Jónsson í Sólvangi, kváðu sér kunnugt um að bændur í Höfðahverfi hefðu rekið norður á Flateyjardal.

Ingvar, sem nú er annar af tveimur fjallskilastjórum í Hálshreppi, kvað fé Höfðhverfinga koma fram á haustin vestan Dalsár að miklum meirihluta til.

Jón Laxdal í Nesi skýrði frá því að Grímur faðir hans hefði flutt í Nes árið 1928 frá Gautsstöðum á Svalbarðsströnd og þá haldið áfram að reka í Austurheiðina sem fyrr, og hafi svo verið fram um 1965. Jón, sem þá var löngu tekinn við búskap í Nesi, kvaðst hafa fundið á Fnjóskdælum að þeim þætti hann fyrirferðarmikill á Austurheiðinni, og hefði hann upp úr því rekið á Vesturheiðina á hverju ári.

Sveinn Sigurbjörnsson í Ártúni kvaðst hafa byrjað búskap þar 1. maí 1964. Hann kvaðst ekki hafa rekið á Flateyjardalsheiði árin 1966-1972, en hann hefði fækkað fé. Hins vegar hefði fé frá sér runnið þangað öll þau ár og þaðan hefði hann heimt flest sitt fé að hausti. Sveinn kvaðst hafa gert fjallskil, eins og aðrir á þessum árum, í Lokastaðafjallskiladeild, en svo hét fjallskiladeildin í nyrðri hluta Hálshrepps.

Með samningi dags. 24. júlí 1950 tók Sæmundur Guðmundsson í Fagrabæ á leigu kirkjújörðina Heiðarhús frá fardögum 1950. Bændur í Fagrabæ höfðu jörðina á leigu samfleytt frá þessum tíma til 1. janúar 1986.

Þeir ábúendur og fyrrverandi ábúendur jarðanna sjö, sem fyrir dóminn komu, könnuðust að öðru leyti ekki við það að hafa gert samning um upprekstur við einn eða neinn, né heldur leitað leyfis fyrir honum. Ekki kváðust þeir heldur hafa greitt neinum fyrir uppreksturinn.

Hinn 25. janúar 1953 ritar Þorvarður G. Þormar, þáverandi sóknarprestur í Laufási, lýsingu á ítökum Laufáskirkju fyrir biskup. Segir þar svo í 5. lið:

„Laufáshagi á Flateyjardalsheiði millum Eyvindarár og Mógilsár ytra. Landsvæði þetta er nefnt í daglegu tali Saurbrýr og er talið, um síðustu

aldamót og síðan, hæfilegt upprekstrarland fyrir 900 fjár. Forveri minn í Laufási leigði Svalbarðsströndungum upprekstur í land þetta, en ég hefi leigt bændum í Höfðahverfi það undanfarin ár.”

Enginn núverandi eða fyrrverandi ábúandi jarðanna sjö könnuðust við að hafa tekið framangreint land á leigu eða greitt Laufáspresti fyrir upprekstur. Ekki kváðust þeir hafa heyrt um að leigusamningur hefði verið gerður.

Séra Bolli Gústafsson, sóknarprestur í Laufási frá árinu 1966, kvaðst ekkert hafa fengið í hendur sem lyti að þeirri leigu sem Þorvarður G. Þormar lýsir 1953, og kvað sér ekki kunnugt um hvort Höfðhverfingar hefðu greitt fyrir leigu. Bolli kvað Höfðhverfinga ekki hafa leitað til sín um afnot af Höfðagiljastykkinu, og engar greiðslur hefði hann þegið fyrir afnot af því. Þetta hafi ekki verið til umræðu.

Í málinu hafa verið lagðar fram upplýsingar um afréttir og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959. Upplýsingar þessar munu hafa verið gefnar af oddvitum hreppa í sýslunni, en þó er að finna viðbótarupplýsingar frá sýslumanni. Um það hverjir afréttir séu í sýslunni segir sýslumaður að nokkur hluti Grýtubakkahrepps noti afrétt á Flateyjardalsheiði, Vesturheiði. Þá kemur fram í svari oddvita Hálshrepps, um það hvernig sé háttað eignarrétti á afréttum í sýslunni, að Vestur-Flateyjardalsheiði noti Höfðhverfingar. Um það atriði hvaða reglur gildi um upprekstrarrétt á afrétti í sýslunni, hvort hann sé takmarkaður og háður sérstöku leyfi árlega af hálfu afréttareigenda eða hreppsnefndar, segir í svari oddvita Grýtubakkahrepps að upprekstrarréttur sé ekki háður leyfi hreppsnefndar, og að hans hyggju ekki heldur leyfi landeigenda, en allt gangi þó friðsamlega. Sýslumaður bætir því við að upprekstrarrétturinn virðist tekinn bessaleyfi. Í svari oddvita Hálshrepps segir að upprekstur á afrétti hreppsins sé að mestu háður sérstöku leyfi árlega af hálfu afréttareigenda eða umráðaaðila. Um það atriði á hvaða heimildum notkun afrétta byggist, segir í svari oddvita Grýtubakkahrepps að notkun afrétta byggist orðið á venju eða hefð. Féð renni að mestu sjálft í afréttina. Greiðsla komi ekki til eigendanna fyrir notkun þeirra. Ekki hefur komið svar úr Hálshreppi við sömu spurningu.

Um niðurjöfnun gangna og önnur fjallskil á Flateyjardalsheiði er rétt að taka fram að í málinu hefur verið lagt fram endurrit af handriti Páls G. Jónssonar í Garði. Segir þar eftirfarandi:

„Eftir árið 1929, þegar Ströndungar hætta að hafa afskipti af fjallskilamálum í Lokastaðadeild, tóku þeir Höfðhverfingar við að vinna að fjallskilamálum með mér. Hafa það verið þessir menn, Björn Jóhannesson á Nollu í 3 ár, Björn Jóhannsson á Skuggabjörgum í 1 ár, Sæmundur G. Reykjalin frá Lómatjörn, nú í Fagrabæ, í 4 ár, Sigurbjörn Benediktsson í Ártúni í 5 ár, Sverrir Guðmundsson á Lómatjörn í 1 ár. Sama er að segja

um þessa menn og Svalberðinga að samvinna við þá hafi verið hin ágætasta enda þó að átökin hafi verið enn meiri þar sem afréttin hefur verið smöluð líka á vorin til rúnings að Lokastaða- og Heiðarhúsarétt.”

Sverrir Guðmundsson á Lómatjörn kvaðst í mörg ár hafa annast niðurjöfnun gangna á Flateyjardalsheiði fyrir Höfðhverfinga. Svo mun hafa verið að einn maður úr Höfðahverfi hafi ætíð tekið þátt í að jafna niður göngum á Flateyjardalsheiði þar til haustið 1982 að ósætti varð, og var þá aðeins jafnað niður á Fagrabæ og Skarð af fjallskilastjóra í nyrðri hluta Hálshrepps. Eftir það munu tveir menn úr Höfðahverfi hafa tekið þátt í niðurjöfnun gangna og fjallskila fyrir hönd þeirra bænda er ráku á Flateyjardalsheiði.

Á Höfðhverfinga mun hafa verið lagt jafnt að greiða fé til framkvæmda á Vesturheiðinni og Fnjóskdæli, þó ekki til vegaframkvæmda. Fnjóskdæli munu hafa annast eyðingu minka og refa og þess háttar.

Árið 1929 er rituð fundargerð í fjallskilabókina frá fundi sem haldinn var að Skarði um endurbyggingu Lokastaðaréttar. Hann sitja Björn Jóhannesson og Jón Jóhannesson, Grímur Laxdal og Páll G. Jónsson. Þar er samþykkt að kjósa á fundum í hreppunum tvo menn úr Hálshreppi, tvo menn úr Grýtubakkahreppi og einn eða tvo menn úr Svalbarðsstrandahreppi, eftir þátttöku þess hrepps í fjallskilum í deildinni, til þess að hafa réttarbyggingarmálefni með höndum.

Hinn 31. desember 1932 ritar Páll G. Jónsson um réttarbygginguna í fjallskilabókina. Kemur þar fram að kostnaði er skipt niður á þá sem nota afrétt á Skarðsdal og Flateyjardalsheiði. Tekið er fram að Höfðhverfingar hafi plægt og sléttað móana undir réttina, og þeir hafi verið frá þeim bæjum er notað hafi afrétt á Flateyjardalsheiði og Skarðsdal, sem hafi verið fyrir utan Skarðsbónda, úr Gerðunum, Ártúni, Grund, Nesi, Lómatjörn og Hléskógum.

Hinn 15. apríl 1979 ritaði Þórólfur Guðnason, f.h. hreppsnefndar Hálshrepps, sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu svohljóðandi bréf:

„Á fundi hreppsnefndar Hálshrepps þann 21. mars 1979 var tekið fyrir bréf Þórhalls Hermannssonar, bónda á Kambsstöðum, þess efnis að breytt verði deildaskipun fjallskiladeilda í hreppnum á þann veg að hreppurinn verði ein deild sem bundin verði við hreppamörk.

Það er samhljóða álit hreppsnefndar að eðlilegt sé að breyta deildaskipuninni á þennan hátt, þar sem með því fengist betra samræmi á milli allra bænda í sveitinni með kostnað og annað varðandi fjallskilamálin.

Leita ég hér með samþykkis sýslunefndar S-Þing. á ofan nefndri breytingu.“

Á sýslufundi 18. júlí árið 1979 gerði sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu, vegna þessa erindis hreppsnefndar Hálshrepps, svohljóðandi ályktun:

„Sýslunefndarfundur Suður-Þingeyjarsýslu 1979 heimilar Hálshreppi, skv. beiðni sveitarstjóra, að sameina fjallskiladeildir innan sveitarfélagsins í eina deild.“

Fram kemur í gögnum málsins að reynt hefur verið að ná samkomulagi um takmörkun á afréttarnotum bænda í Grýtubakkahreppi, þeirra sem á Flateyrdalsheiði reka, en samkomulagsumleitani virðast hafa farið fram í framhaldi af framangreindri ályktun sýslunefndarinnar en kunna að hafa hafist fyrr. Fram kemur að hreppsnefndir hreppanna héldu sameiginlegan fund þann 22. apríl 1982, þar sem rædd voru upprekstrarmál á Flateyrdalsheiði. Segir í niðurlagi fundargerðar þess fundar eftirfarandi:

„Þar sem ekki er um neina samninga að ræða milli hreppsnefndanna áskilur hreppsnefnd Hálshrepps sér allan rétt til frekari aðgerða í málinu án samráðs við hreppsnefnd Grýtubakkahrepps.“

Hinn 30. apríl 1982 ritar hreppsnefnd Hálshrepps hreppsnefnd Grýtubakkahrepps svohljóðandi bréf:

„Þar sem ekki hafa náðst samningar um afréttarnot tilkynnist hreppsnefnd Grýtubakkahrepps að fjáreigendum á eftirtöldum bæjum í Grýtubakkahreppi er algjörlega bannaður upprekstur á Flateyrdalsheiði og Flateyrdal, án samninga við hreppsnefnd Hálshrepps: Hléskógum, Lómatjörn, Grund, Syðri-Grund, Ártúni og Nesi.“

Bréfi þessu svarar lögmaður Grýtubakkahrepps með bréfi dags. 17. maí 1982 svohljóðandi:

„Hreppsnefnd Grýtubakkahrepps hefur beiðið mig að tilkynna ykkur að hún getur ekki fallist á svonefnt bann ykkar við upprekstri fjáreigenda frá tilgreindum 6 jörðum í Grýtubakkahreppi á Flateyrdalsheiði og Flateyrdal, sbr. bréf ykkar dags. 30. apríl 1982.“

Jarðir þessar eiga gamlan og margviðurkenndan upprekstrarétt á þessu landsvæði, svo sem saga fjallskilanna sýni um langan aldur aftur í tímann, og muni fjáreigendur framvegis sem hingað til nýta þennan rétt eftir þörfum.“

Í framhaldi af þessu bréfi lögmanns Grýtubakkahrepps ritar Þórólfur Guðnason, f.h. Hálshrepps, sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu bréf. Bréfið er ekki dagsett. Þar greinir Þórólfur frá þeim ágreiningi sem risið hafi, ofbeitt á afréttinn skv. ítöllumati, samningaumleitunum og banni hreppsnefndar Hálshrepps í bréfi dags. 30. apríl 1982. Með ítöllumatinu virðist bréfitritari eiga við beitarþolsrannsóknir Rannsóknastofnunar landbúnaðarins á Flateyrdalsheiði, sem framkvæmd var í ágúst 1974. Síðan segir orðrétt í bréfinu:

„Hreppsnefnd telur, með hliðsjón af 2. mgr. 8. gr. laga nr. 42/1969, sbr. fjallskilasamþykkt Suður-Þingeyjarsýslu, að ábúendum greindra bæja verði ekki leyfður upprekstur nema með hennar samþykki, en þeir hafi aldrei verið í fjallskiladeild með ábúendum jarða í Hálshreppi.“

Hreppsnefnd Hálshrepps fer þess á leit við sýslunefnd að hún í samræmi við 9. gr. laga nr. 42/1969, úrskurði að ábúendum jarðanna Hléskóga, Lómatjarnar, Grundar, Syrði-Grundar, Ártúns og Ness sé skylt að hlíta banni nefndarinnar frá 30. apríl s.l. um upprekstur á Flateyjardal og Flateyjardalsheiði. Nefndin er, hvenær sem er, reiðubúin að færa fram frekari gögn máli sínu til styrktar.”

Í framhaldi af þessu eru lagðar fram greinargerðir til sýslunefndar af hálfu beggja hreppanna, og því næst samþykkti sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu á aðalfundi sínum 29. júní 1983 eftirfarandi úrskurðarorð um ágreining Hálshrepps og Grýtubakkahrepps, varðandi afrétt á Flateyjardal og Flateyjardalsheiði:

„Sýslunefnd vísar til 9. gr. laga nr. 42/1969 um úrskurðarvald sitt og skyldu til að skera úr ofangreindum ágreiningi. Nefndin telur að úrslit málsins velti á því hvort bændur á jörðunum Grund, Syðri-Grund, Ártúni, Lómatjörn, Hléskógum og Nesi, Grýtubakkahreppi, teljist hafa öðlast hefðarrétt til beitarafnota og upprekstrarréttar á afréttunum, sbr. 8. gr. laga nr. 46/1905.

Á því þykir leika nokkur vafi, en rétt þykir að bændur á nefndum 6 jörðum beri hallann af þeim vafa, svo fremi þeir höfði ekki dómsmál til staðfestingar á meintum rétti sínum. Sýslunefndin leggur eindregið að aðilum að þeir leiti allra leiða til að ná samkomulagi, annaðhvort til að leiða deiluna endanlega til lykta eða þá komast að bráðabirgðasamkomulagi, ef þeir telja, þrátt fyrir þennan úrskurð sýslunefndar, ekki verða komist hjá að fá úrlausn dómstóla um málið. Að þessu athuguðu telur sýslunefnd ekkert því til fyrirstöðu að fjallskiladeild Hálshrepps verði nú þegar bundin við hreppamörk, sbr. 1. gr. og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 42/1969.“

Framangreint úrskurðarorð mun vera úrskurður sýslunefndar í heild sinni.

Þessum úrskurði var mótmælt af sýslunefndarmanni Grýtubakkahrepps með sérstakri bókun á fundinum.

Hinn 25. apríl 1984 höfðaði hreppsnefnd Grýtubakkahrepps mál gegn hreppsnefnd Hálshrepps og sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu og krafðist þess:

1. Að dæmdur verði ógildur úrskurður sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu frá 29. júní 1983 um afréttarmálefni Hálshrepps og Grýtubakkahrepps, á þann veg að fjallskiladeild Hálshrepps verði bundin við hreppamörk.

2. Að dæmdur verði ógildur úrskurður sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu frá 18. júlí 1979, þar sem Hálshreppi er heimilað að sameina fjallskiladeildir innan sveitarfélagsins í eina deild.

3. Að viðurkennt verði að Lokastaðafjallsskiladeild verði talin ein fjallskiladeild með sameiginlegri stjórn Hálshrepps og Grýtubakkahrepps.

4. Að stefndi Hálshreppur greiði stefnanda hæfilegan málskostnað að mati dómsins ásamt dómvöxtum frá dómsuppkvaðningu til greiðsludags.

Þetta mál var tekið til dóms eða úrskurðar hinn 20. mars 1985, en stefndi, hreppsnefnd Hálshrepps, hafði krafist þess að því yrði vísað frá dómi.

Dómur í þessu máli var kveðinn upp 26. apríl 1985 og er dómsorðið svoljóðandi:

„Kröfu stefnanda, hreppsnefndar Grýtubakkahrepps, um að viðurkennt verði að Lokastaðafjallsskiladeild verði talin ein fjallsskiladeild með sameiginlegri stjórn Hálshrepps og Grýtubakkahrepps er vísað frá dómi.”

Í framhaldi af þessu var málið að öðru leyti hafið, að ósk stefnanda, á dómþingi 13. júní 1985.

II. Af hálfu stefnanda er því haldið fram að frá bæjunum sjö hafi verið rekið fé í þau lönd sem krafist er að hefðarrétturinn nái til alls frá byrjun þessarar aldar og göngum jafnað niður á þá bæi. Sjá megi af óvængjanlegum gögnum, sem lögð hafi verið fram í málinu og nái nær óslitið frá árinu 1912 til síðustu ára, að rekið hafi verið í meira en 40 ár frá öllum bæjunum á Flateyjarðalsheiði, áður en véfenging hafi komið til á upprekstrarréttinum, sem verið hafi fyrri hluta árs 1983, þegar hreppsnefnd Hálshrepps hafi skilað greinargerð til oddvita sýslunefndar, þegar til hafi staðið að sýslunefnd úrskurðaði í deilu Hálshrepps og Grýtubakkahrepps skv. 9. gr. laga nr. 42/1969. Þótt ár og ár kunni að hafa fallið úr af ýmsum ástæðum skipti það ekki máli. Uppreksturinn verði að teljast óslitinn í skilningi hefðarlaga og því hafi stefnendur fullnægt ákvæðum þeirra að þessu leyti. Í raun hafi uppreksturinn verið á alla heiðina en líta verði á Flateyjarðalsheiði sem eina heild. Ekki skipti því máli þótt frá Nesi hafi um skeið verið rekið á Austurheiðina, en því sé algjörlega hafnað að núverandi ábúandi hafi sótt um leyfi til þess. Fnjóskdælir hafi amast við þessum upprekstri og mælst til þess að ábúandi ræki í Vesturheiðina, og hafi hann orðið við þeim tilmælum. Þetta sýni glögg að Fnjóskdælir hafi talið að Höfðhverfingar ættu rétt til upprekstrar á Vesturheiðina. Þótt ábúendur í Fagrabæ hafi haft Heiðarhús á leigu frá 1950 skipti það ekki máli um rétt þeirra til upprekstrar á aðra hluta Vesturheiðarinnar. Þessi samningur útiloki ekki að aðrir geti hefðað upprekstrarrétt í Heiðarhúsaland. Þá hafi upprekstur fallið niður í nokkur ár frá Ártúni, vegna þess að þar hafi fé verið fækkað. Það breyti engu um hefðarréttinn. Hins vegar hafi fé þaðan gengið á afréttinn og fjallsskil ætíð gerð.

Telja verði upplýst að engir samningar hafi verið gerðir um uppreksturinn. Jarðeigendur eða ábúendur hafi aldrei sótt um neins konar leyfi til

þess að reka, hvorki í eitt skipti né árlega, og aldrei greitt neitt gjald fyrir. Enginn kannist við að séra Þorvarður G. Þormar hafi leigt Höfðhverfingum afréttarlönd Laufásstaðar, eða þeir greitt honum fyrir upprekstur. Þótt Páll G. Jónsson í Garði hafi ef til vill hvatt Höfðhverfinga til að reka á heiðina, þá verði því ekki jafnað til neins konar leyfis eða samnings. Þótt svo yrði litið á að Höfðhverfingar hefðu í upphafi rekið með leyfi Páls G. Jónssonar, þá útiloki það ekki að hefðartími hafi ekki getað byrjað að liða eftir það.

Samkvæmt upplýsingum sýslumanns Þingeyjarsýslu um fjallskil og upprekstur í Þingeyjarsýslu árið 1959 noti nokkur hluti Grýtubakkahrepps Vesturheiðina sem afrétt og virðist upprekstrarrétturinn vera tekinn þessaleyfi. Þetta sýni m.a. að uppreksturinn hvorki sé né hafi verið byggður á leyfi eða samningum. Þá sýni gögn málsins að stefnendur málsins hafi ætíð gert fjallskil til jafns við Fnjóskdæli, séð um gangnastjórn, greitt jafnan hlut í kostnaði við framkvæmdir á Flateyjardalsheiði og réttarbyggingu. Þá hafi Höfðhverfingar ætíð tekið þátt í göngum og öðrum fjallskilum og hafi öðlast hlutdeild í fjallskiladeildinni í norðanverðum Hálshreppi allt frá árinu 1930. Á Flateyjardalsheiði hafi verið litið sem eitt afréttarland. Það sé ekki skilyrði fyrir því að öðlast hefðarrétt að rekið hafi verið í öll stykki hennar á hverju ári. Nægilegt sé að reka, eins og stefnendur hafi gert, en þeir hafi gjarnan rekið út fyrir Höfðagil og stundum lengra.

Stefnendur eða forverar þeirra hafi ekki gerst sekir um óráðvandlegt atferli varðandi uppreksturinn og engan þann verknað sem útilokað geti að þeir megi vinna hefð.

EKKI sé við því að búast að Höfðhverfingar lýstu upprekstrarrétti sínum sem ítaki skv. lögum nr. 113/1952 um lausn ítaka í jörðum, þar sem þá hafi þeir ekki verið búnir að hefða upprekstrarréttinn, og eins nái þau lög einungis til jarða en ekki afrétta eins og hér um ræði. Jarðalögin nr. 65/1976 snerti á engan hátt upprekstrarrétt eða hefðarrétt stefnenda.

Af hálfu beggja stefndu er því haldið fram að Flateyjardalsheiði, þar með talin Vesturheiðin, skiptist í aðskilda hluta landfræðilega og að eignarheimildum til. Um sé að ræða fornar ábýlisjarðir sem hver um sig sé metin til fasteignaverðs og með sérstaka skráningu í veðmálabókum. Því sé ekki um að ræða afréttarlönd, enda hafi heiðin ekki verið gerð að afrétti að lögum. Upphaf afnota hafi verið að ábúendur jarða á Flateyjardalsheiði og Flateyjardal hafi heimilað einstöku bændum að reka á land sitt gegn gjaldi og smám saman hafi lönd jarðanna verið tekin undir beit þegar byggð hafi lagst af á heiðinni.

Fyrir tilmæli Páls G. Jónssonar í Garði hafi Höfðhverfingar byrjað að reka á heiðina og þeim heimiluð afnot af henni í skjóli eigenda landsins gegn því að þeir tækju þátt í framkvæmdum þar. Það hafi þeir gert að

öðru leyti en því að þeir hafi ekki kostað vegagerð né eyðingu meindýra. Þessi samningstengsl eða aðstæður sem jafna megi til samningstengsla séu nægileg til þess að útilokað sé að stefnendur hafi hefðað upprekstrarrétt skv. 3. mgr. 2. gr. hefðarlaga, en þar séu tegundir samninga sem útiloka hefð ekki tæmandi taldar. Þessi lögskýring sé í fullu samræmi við tilgang hefðarlaganna sem sé að meginstofni til að vernda eignarréttindi en ekki að ryðja eignarréttindum til hliðar. Kröfur stefnenda samrýmist því ekki tilgangi hefðarlaga, heldur gangi þvert á hann. Tilgangur stefnenda sé að skapa sér upprekstrarrétt á Flateyjarðalsheiði um alla framtíð. Stefnendum hafi verið ljóst frá upphafi að land það sem þeir ráku í var háð eignarrétti og þeir hafi mátt búast við því að þurfa að hætta að reka þangað þegar þess væri óskað. Þeim hafi verið bannað það árið 1982, en réttur þeirra hafi verið véfengdur fyrr. Ljóst sé af skýrslu séra Þorvarðar G. Þormar frá árinu 1953 að hann hafi leigt Höfðhverfingum Saurbrýr, en þar sé opinber embættismaður að skýra frá rekstri kirkjujarðar. Skjal þetta hafi sönnunargildi skv. 158. gr. eml. Þá kom fram í upplýsingum sýslumannsins í Þingeyjarsýslum um afrétti og fjallskil í sýslunni 1959 að upprekstur á afrétti Hálshrepps sé að mestu háður leyfi árlega frá afréttareigendum eða umráðaaðilum. Þá hafi stefnendur greitt fyrir afnot sín með því að taka þátt í kostnaði við framkvæmd og fjallskil.

Stefnendur hafi vitað um betri rétt Hálshreppinga og því hafi þeir ekki getað unnið hefð skv. 2. mgr. 2. gr. hefðarlaga.

Þá verði stefnendur að sanna að þeir hafi rekið samfelld í heidina í 40 ár sbr. 8. gr. hefðarlaga. Stefnu hafi mótmælt því að svo hafi verið, og aðilaskýrslur stefnenda hafi ekki gildi sem sönnun, nema þær séu þeim í óhag. Þá hafi stefnendur þurft að reka í tiltekið landsvæði hefðartímann fullan. Því sé ekki til að dreifa hér, því fram sé komið að menn hafi eitt árið rekið í þetta stykki og annað í hitt, og sumir stundum norður á Flateyjarðal sjálfan. Lausaganga búfjár úr einu landi í annað skapi ekki hefðarrétt. Af þessari ástæðu einni saman sé útilokað að stefnendur hafi unnið hefðarrétt að upprekstri á það landsvæði sem um sé deilt.

Þá sé það ljóst af gögnum og aðilaskýrslum stefnenda að upprekstur þriggja jarða hafi ekki verið samfelldur, og því uppfylli þær ekki skilyrði um hefðartíma. Frá Ártúni hafi ekki verið rekið frá árinu 1966 til 1972. Ekki hafi verið rekið frá Fagrabæ á árunum 1927 til 1938. Árið 1950 hafi eigendur Fagrabæjar tekið land Heiðarhúsa á leigu, og hafi sá leigusamningur verið framlengdur til ársins 1985. Þaðan hafi því verið rekið í leigulandið og þótt féð hafi gengið þaðan í önnur lönd skapi það ekki hefðarrétt á upprekstri í þau. Árin 1928 til 1965 hafi verið rekið í Austurheiðina frá Nesi, og því hafi verið rekið skemur en 40 ár í Vesturheiðina. Útilokað sé að þessar jarðir hafi unnið hefðarrétt á upprekstrinum. Frá

öðrum bæjum hafi upprekstur verið samfelldari en þó aldrei rekið stöðugt í sama land. Stundum hafi verið rekið norður á Flateyjardal.

Því er haldið fram af hálfu stefndu að eftir setningu laga nr. 113/1952 sé ekki unnt að hefða ítök í jörðum, en þau landsvæði sem um sé deilt í málinu séu öll háð fullkomnum eignarrétti og hafi ekki verið gerð að afrétti. Þegar þessi lög hafi tekið gildi hafi enginn stefnenda lýst ítaki í hin umdeildu lönd og þá hafi hefðartími ekki verið fullnaður. Því er haldið fram af hálfu stefnda kirkjumálaráðherra að þá er Höfðhverfingar hafi rekið í Höfðagilsland hafi það verið gert með leyfi Laufásprests. Þá sé ljóst af jarðalögum nr. 65/1976 að þau næðu ekki fram að ganga ef hægt væri að hefða ítak. Þá er því haldið fram af stefnda kirkjumálaráðherra að öll gögn sýni að Laufásstaður hafi fullkomið eignarhald á Höfðagilsstykkinu annaðhvort samkvæmt samningum eða fyrir hefð.

### III. Niðurstaða dómsins.

Því hefur verið haldið staðfastlega fram af hálfu kirkjumálaráðherra að Laufáskirkja í Suður-Þingeyjarsýslu sé eigandi svonefnds Höfðagiljalands á Flateyjardalsheiði. Gegn þessari staðhæfingu hafa ekki komið fram bein mótmæli af hálfu annarra aðila málsins og ekki er vitað til að nokkur hafi gert eignartilkall til þessa lands.

Af hálfu kirkjumálaráðherra hafa verið lögð fram margvísleg skjallæg gögn um rétt Laufáskirkju til Höfðagiljalands. Hið elsta er úttekt Laufásstaðar frá 1738 þar sem sagt er að Höfðagiljaland tilheyri staðnum fyrir lambaafrétt og hafi það átölulaust verið notað um langan aldur af staðarhaldara.

Þegar þau gögn eru virt sem að framan er getið verður að telja kirkjumálaráðherra, f.h. kirkjumálaráðuneytis, réttan aðila þessa máls, en engar málsástæður hafa komið fram sem byggðar eru á aðildarskorti.

Svo sem fyrr er getið eru upplýsingar í málinu um það af hvaða ástæðum ábúendur á jörðunum sjö í Höfðahverfi taka að reka fé sitt á Flateyjardalsheiði af skornum skammti. Samkvæmt rituðum þætti í einu bindi bóka-flokksins Göngur og réttir eftir Pál G. Jónsson í Garði, þá tíðkaðist að bændur sem bjuggu á Flateyjardalsheiði leyfðu upprekstur í lönd sín gegn gjaldi og sama máli mun hafa gegnt um þau lönd á heiðinni sem ekki tilheyrðu heiðarbýlunum, eigendur þeirra heimiluðu upprekstur að sögn Páls. Upphaf nota jarðanna sjö af Flateyjardalsheiði hefur ekki verið rakið til þessara háttu um beitarafnot á Flateyjardalsheiði og gögn málsins benda ekki sérstaklega til þeirra.

Í skrifum Sigurbjarnar Benediktssonar, fyrrum bónda í Ártúni, sem að

framan er getið, segir hann Pál G. Jónsson hafa verið einlægán hvatamann þess að Suður-Höfðhverfingar ykju afnot sín af heiðinni og legðu sinn skerf til fjallskila, svo að auðveldara yrði að manna göngur eftir að Svalbarðsströndungar hættu að reka þangað. Þessar upplýsingar hafa í sjálfu sér ekki verið dregnar í efa og má telja þær vera í bærilegu samræmi við þær upplýsingar sem er að finna í fjallskilabókinni frá 1912 til 1939.

Í fjallskilabókina er ritað 1927 að Svalbarðsströndungar hafi ekki rekið fé sitt til afréttar nú síðustu ár, og er þá tvímælalsust átt við Flateyjardalsheiði. Af sömu bók má sjá að göngum hefur verið jafnað niður á einstaka bændur á Svalbarðsströnd fram eftir þriðja áratugnum. Göngum er jafnað niður á ábúendur Grundar og Fagrabæjar strax upp úr síðustu aldamótum. Á ábúanda Fagrabæjar er jafnað niður árið 1905 og síðan óslitið frá 1912 til 1929. Á ábúanda Grundar er jafnað niður árin 1902, 1904, 1912 og 1913 og síðan óslitið frá 1917. Tilmæli Páls G. Jónssonar virðast því tæpast eiga við um þessar jarðir en hins vegar gætu þau átt við um Hléskóga, Lómatjörn og Nes. Býlin Ártún og Syðri-Grund hafa þá sérstöðu að vera byggð úr landi Grundar.

Stefnendur telja að þessi tilmæli hafi engu ráðið um það að þeir hófu að reka fé sitt á Flateyjardalsheiði. Stefnendur halda því staðfastlega fram að til grundvallar afnotum þeirra hafi enginn samningur legið, ekki hafi verið fengið leyfi og engin greiðsla hafi nokkru sinni verið innt af hendi fyrir afnotin.

Ekkert annað er upplýst í málinu en stefnendum og forverum þeirra hafi ætíð verið ljóst að lönd þau sem þeir ráku í voru í eigu ákveðinna aðila sem höfðu fullan ráðstöfunarrétt á þeim. Má þar sem dæmi nefna leigusamning um Heiðarhús frá 1950 til 1985.

Þótt engan veginn verði talið að hér sé um að ræða atferli af hálfu stefnenda sem sérstaklega er getið um í 2. mgr. 2. gr. hefðarlaga verður engu að síður að telja að samkvæmt efni þeirrar lagagreinar leiði vitneskja stefnenda og forvera þeirra um eignarrétt eigenda þess lands sem þeir ráku í til þess að þeir megi ekki vinna hefð á upprekstrarrétti í Vestur-Flateyjardalsheiði.

Að þessari niðurstöðu fenginni þykir ástæðulaust að taka afstöðu til þess hvort stefnendur hafa uppfyllt önnur skilyrði hefðarlaga fyrir því að þeir megi vinna hefð á upprekstrarréttinum.

Niðurstaða málsins er því sú að kröfum stefnenda er hafnað.

Eftir eðli og atvikum málsins þykir rétt að hver aðili beri sinn kostnað af málinu að öðru leyti en því að stefnendur skulu að óskiptu greiða stefnda Erlingi Arnórssyni kr. 20.000,00 í málskostnað.

Friðgeir Björnsson, skipaður setudómari, kvað upp þennan dóm.

## D ó m s o r ð :

Kröfum stefnenda, Jóns Sæmundssonar, Guðrúnar Jónsdóttur, Guðmundar Þórissonar, Sigurðar Þórissonar, Sverris Guðmundssonar, Jóns Laxdal, Sigurðar Helgasonar, Sævars Magnússonar og Sveins Sigurbjörnssonar í máli þessu er hafnað.

Málskostnaður fellur niður að öðru leyti en því að stefnendur skulu að óskiptu greiða stefnda Erlingi Arnórssyni kr. 20.000,00 í málskostnað.

Föstudaginn 11. desember 1987.

Nr. 247/1986. **Sigmar Stefán Pétursson**

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

gegn

**Guðjóni Pálssyni**

(Þórður Gunnarsson hrl.)

Verksamningar. Skuldamál. Yfirborganir. Fjárnám.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1986. Dómkröfur hans eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda, felld verði úr gildi fjárnámssgerð er fram fór 25. júlí 1986 í fasteign áfrýjanda að Hrístateigi 41, Reykjavík, til tryggingar tildæmdum kröfum samkvæmt hinum áfrýjaða dómi. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með þeirri breytingu þó, að hin tildæmda fjárhæð beri 30% ársvexti frá 1. mars 1987 til 15. apríl 1987 en dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er og krafist að hin áfrýjaða fjárnámssgerð verði staðfest til tryggingar